

Föstudaginn 11. nóvember 1994.

Nr. 355/1994.

Sjóvá-Almennar tryggingar hf.

(Hjalti Steinþórsson hrl.)

gegn

protabúi SH-verktaka hf.

(Viðar Már Matthíasson hrl.)

Kærumál. Gjaldþrotaskipti. Greiðslustöðvun. Skuldaröð. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 12. júlí 1994, sem barst réttinum 18. ágúst sl. Kæruheimild er í 179. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl. Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og breytt á þá leið, að krafa sín í protabú varnaraðila verði viðurkennd sem búskrafa samkvæmt 4. tl. 110. gr. laga nr. 21/1991. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

I.

Í hinum kærða úrskurði er því lýst, að sóknaraðili greiddi 20. og 28. janúar 1993 samtals 12.000.000 krónur inn á reikning SH-verktaka hf., sem veitt hafði verið heimild til greiðslustöðvunar 12. sama mánaðar. Félagið var síðan úrskurðað gjaldþrota 8. febrúar 1993. Takmarkaðra gagna nýtur í málinu, er varpað geti ljósi á það, hvernig staðið var að lántöku þessari, og engin láns skjöl voru útbúin. Af þeim fundargerðum stjórnar SH-verktaka hf., sem fyrir liggja, sést ekki, að hún hafi berum orðum samþykkt lántöku félagsins. Á stjórnarfundi 18. janúar 1993 var hins vegar samþykkt að leggja til á fyrirhuguðum hluthafafundi 29. sama mánaðar, að hluthafar tækju tilboði Verkfræðipjónustu Jóhanns G. Bergþórssonar hf. um kaup á 90% hlutabréfa í félaginu. Í því tilboði var gert ráð fyrir

tiltekinni fyrirgreiðslu af hálfu sóknaraðila, þótt ekki væri þar vikið beinlínis að 12.000.000 króna lántöku. Umsjónarmenn félagsins með greiðslustöðvun samþykktu, að sóknaraðili veitti SH-verktökum hf. lán að fjárhæð 12.000.000 krónur. Eyjólfur Kristjánsson, framkvæmdastjóri SH-verktaka hf., og Sigrún Traustadóttir, er sæti átti í framkvæmdastjórn félagsins, báru fyrir dómi, að fyrir hefði legið samþykki framkvæmdastjóra og framkvæmdastjórnar til lántökunnar. Er fallist á það með héraðsdómi, að lántakan hafi verið skuldbindandi fyrir félagið.

II.

Krafa sóknaraðila á grundvelli 4. tl. 110. gr. laga nr. 21/1991 byggist á lántöku SH-verktaka hf. hjá sóknaraðila á greiðslustöðvunartíma félagsins. Verður eigi séð, að formskilyrði IV. kafla og 4. tl. 110. gr. laganna standi því í vegi, að krafan geti notið réttarstöðu sem búskrafa. Koma þá til athugunar þau efnisskilyrði niðurlagsákvæðis 2. mgr. 21. gr. laga nr. 21/1991, hvort víst þyki, að lántakan yrði lánardrottnum til hagsbóta, ef til gjaldþrotaskipta kæmi á búi hans í kjölfar greiðslustöðvunar. Við mat á því ber að miða við aðstæður á þeim tíma, er ákvörðun var tekin um lántökuna.

III.

Í framangreindu tilboði Verkfræðipjónustu Jóhanns G. Bergþórsónar hf. kom fram, að gert væri ráð fyrir því, „að í greiðslustöðvuninni verði reksturinn studdur af verkábyrgðaraðila, Sjóvá-Almannum, en þó með þaki á fyrirgreiðslu“. Sóknaraðili lýsti yfir því í bréfi til félagsins 19. janúar, að hann væri reiðubúinn til að styðja tilboðsgjafa í því að ljúka þeim verkum, sem hann hafði veitt verktryggingar fyrir, en stuðningurinn myndi takmarkast við það tjón, sem félagið biði ella, kæmi til riftunar þeirra verksamninga, er verktryggingarnar tóku til. Á fundi kröfuhafa 28. janúar greindi annar aðstoðarmanna félagsins á greiðslustöðvunartímanum frá því, að sóknaraðili væri með þessu „að tryggja sína hagsmuni, en hagsmunir þeirra og kröfuhafa fara saman, enda koma ella fram kröfur á SH . . .“. Í beiðni til Héraðsdóms Reykjaness 1. febrúar 1993 um heimild til framlengingar greiðslustöðvunar sögðu báðir aðstoðarmennirnir um „stuðningsyfirlýsingu“ sóknaraðila 19. janúar, að

hana hefði sóknaraðili gefið „vegna hagsmuna sinna vegna verktrygginga, sem gengið yrði á af verkkaupum, ef verk stöðvuðust við gjaldþrot“.

Í bréfi Gunnars St. Ólafssonar verkfræðings til aðstoðarmannanna 3. febrúar 1993 kemur fram, að dagana 12. – 16. janúar kynnti hann sér þau samningsbundnu verkefni, sem í gangi voru hjá fyrirtækinu. Hann kvaðst ekki hafa gert nákvæma úttekt á „útreymi og innstreymi fjármagns einstakra verka“ nema varðandi Hampiðjuna hf. Þar voru niðurstöður hans þær, að kostnaður vegna riftunar væri um það bil 2.700.000 krónum meiri en af áframhaldi verksins. Þá kvaðst hann hafa gert lauslega athugun á verkframkvæmdum við stúdentagarða, Grafarvogskirkju og íþróttahús í Vogum, og benti hún til þess, að kostnaður vegna riftunar væri „þó nokkuð hærri en kostnaður við að halda áfram við verkin“. Fyrir héraðsdómi lýsti Gunnar St. Ólafsson því, að sér hefði ekki verið falið að skoða „heilardæmi“ eða „heildarfjárhagsstöðu fyrirtækisins“. Hann hefði eingöngu farið í gegnum hverja verkframkvæmd fyrir sig, og hefði þá ekki verið tekið tillit til skulda fyrirtækisins og áfallandi vaxta og verðbóta á þær og þeim deilt niður á verkin eftir umfangi verkanna. Engra annarra gagna nýtur í málinu um athugun á hagkvæmni lánveitingar sóknaraðila fyrir aðra kröfuhafa, ef til gjaldþrots kæmi að lokinni greiðslustöðvun.

IV.

Á greiðslustöðvunartíma hefur skuldari þröngar heimildir til að stofna til fjárskuldbindinga. Ef um atvinnurekstur er að ræða, verður skuldbinding að vera nauðsynleg til að halda rekstrinum áfram eða varna verulegu tjóni, enda þyki víst, að hún verði lánardrottnum skuldara til hagsbóta, ef til gjaldþrotaskipta kemur í kjölfar greiðslustöðvunar, sbr. 2. mgr. 21. gr. laga nr. 21/1991, sbr. áður 1. tl. 8. gr. laga nr. 6/1978. Í 4. tl. 110. gr. núgildandi gjaldþrotalaga er mælt fyrir um forgang slíkrar kröfu, sem til verður með samþykki aðstoðarmanns skuldara á greiðslustöðvunartíma. Að öðru jöfnu hvílir sönnunarbyrðin í þessum efnum á þeim, sem heldur því fram, að krafa sín eigi að njóta forgangs samkvæmt framangreindu ákvæði.

Lánveiting sóknaraðila nam mjög miklum hluta þess, sem kosta

þurfti til áframhalds umræddra verka. Annars fjárstuðnings í því skyni hafði ekki verið aflað, áður en að því kom, að biðja þyrfti um framlengingu á hinni heimiluðu greiðslustöðvun. Eins og mál þetta liggur fyrir, verður ekki séð, að óyggjandi hafi verið, að lánveitingin hafi mátt virðast til þess fallin að treysta hagsmuni kröfuhafa við eftirfarandi gjaldþrot, ef til þess kæmi. Þótt meiri kostnaður hefði á þessum tíma fylgt riftun einstakra verka en framhaldi þeirra, er ekki sýnt, að lánveiting sóknaraðila hefði fyrirsjáanlega verið kröfuhöfum til hagsbóta. Svo mikill vafi leikur á í því efni, að lagaskilyrði eru ekki til þess að viðurkenna forgangsrétt til handa sóknaraðila á grundvelli 4. tl. 110. gr. gjaldþrotalaga, enda verður sú viðurkenning samkvæmt meginreglu laganna um jafnræði kröfuhafa að eiga sér örugga stoð í aðdraganda og stofnun þeirrar kröfu, sem forgangs er krafist fyrir. Ber því að staðfesta niðurstöðu hins kærða úrskurðar og dæma sóknaraðila til að greiða varnaraðila kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Sjóvá-Almennar tryggingar hf., greiði varnaraðila, þrotabúi SH-verktaka hf., 70.000 krónur í kærumálskostnað.

S é r a t k v æ ð i

Guðrúnar Erlendsdóttur og Haralds Henryssonar

Við erum samdóma I. og II. kafla í atkvæði meiri hluta dómenda.

Í málinu liggur fyrir, að á þeim tíma, sem lántakan fór fram, var það mat stjórnarmanna og aðstoðarmanna við greiðslustöðvun, að lántakan hefði þau áhrif, að skilyrði fyrir áframhaldandi rekstri fyrirtækisins yrðu betri og jafnvel mætti komast hjá gjaldþroti, t. d. með gerð nauðasamninga, og takmarka tjón almennra kröfuhafa. Varhugavert þykir að byggja á árshlutareikningi SH-verktaka hf. fyrir greiðslustöðvunartímabilið, því að ósannað er, að það uppgjör gefi rétta mynd af rekstri þess tímabils. Samkvæmt framburði Bjarna Óskarssonar héraðsdómslögmanns, aðstoðarmanns við

greiðslustöðvun, fyrir dómi var það mat allra aðstandenda félagsins, að það myndi koma sér betur fyrir kröfuhafana, að starfseminni yrði haldið áfram. Á þessum tíma hafi liðlega 100 starfsmenn verið í vinnu hjá SH-verktökum hf. og 7–8 stór verkefni í gangi. Aðstoðarmennirnir hafi látið fara fram könnun á því, hvort skilyrðum 21. gr. gjaldþrotaskiptalaga væri fullnægt, og hafi þeir fengið óháðan verkfræðing, Gunnar St. Ólafsson, til þess að meta, hvort ráðlegt væri að halda starfseminni áfram. Hafi Gunnar gert úttekt og skoðun á einstökum verkum, sem fyrirtækið vann við dagana 12. til 16. janúar 1993, og var það mat hans, að ódýrara væri að halda áfram en rifta samningum. Það hafi því verið mat aðstoðarmanna, að þetta myndi verða kröfuhöfum til hagsbóta. Hefur þessu mati ekki verið hnekk. Þegar framangreint er virt, teljum við, að fella beri hinn kærða úrskurð úr gildi og viðurkenna eigi kröfu sóknaraðila sem búskröfu á grundvelli 4. tl. 110. gr. laga nr. 21/1991 með þeirri takmörkun, sem leiðir af 3. mgr. 111. gr. laganna. Þá teljum við, að varnaraðili eigi að greiða sóknaraðila kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 30. júní 1994.

Ár 1994, fimmtudaginn 30. júní, er í Héraðsdómi Reykjaness kveðinn upp úrskurður þessi í málinu nr. X-9/1994: Sjóvá-Almennar tryggingar hf. gegn þrotabúi SH-verktaka hf., sem tekið var til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 8. júní 1994.

Mál þetta var þingfest 24. janúar 1994, en það barst dóminum með bréfi Viðars Mús Matthíassonar hrl., annars skiptastjóra í þrotabúi SH-verktaka hf., 13. desember 1993.

Sóknaraðili er Sjóvá-Almennar tryggingar hf., kt. 701288-1739, Kringlunni 5, Reykjavík, en varnaraðili þrotabúi SH-verktaka hf., kt. 670286-1349.

Dómkröfur sóknaraðila, Sjóvá-Almennra trygginga hf., eru þær, að krafa hans, að fjárhæð 12.000.000 kr., auk vaxta [...] verði samþykkt sem krafa skv. 4. tl. 110. gr. l. nr. 21/1991 í þrotabúi SH-verktaka hf. Þá er gerð krafa um, að varnaraðili verði dæmdur til að greiða sóknaraðila málskostnað að mati réttarins ásamt virðisaukaskatti og að málskostnaður verði viðurkenndur sem krafa skv. 4. tl. 110. gr. l. nr. 21/1991 í þrotabúi SH-verktaka hf.

Dómkröfur varnaraðila, þrotabús SH-verktaka hf., eru, að kröfu sóknaraðila um, að krafa hans, að fjárhæð 12.000.000 kr., með tilgreindum vöxtum og dráttarvöxtum verði samþykkt sem krafa samkv. 4. tl. 110. gr. laga um

gjaldþrotaskipti o. fl. nr. 21/1991 í þrotabú SH-verktaka hf., verði hafnað og að sóknaraðili verði úrskurðaður til að greiða varnaraðila málskostnað samkvæmt málskostnaðarreikningi.

Málavextir.

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjaness, upp kveðnum 12. janúar 1993, var SH-verktökum hf. veitt heimild til greiðslustöðvunar til 1. febrúar 1993. Ásgeir Thoroddsen hrl. og Bjarni Þór Óskarsson hdl. voru aðstoðarmenn skuldara við greiðslustöðvun.

Hinn 1. febrúar 1993 var lögð fram í dóminum beiðni um framlengingu heimildar til greiðslustöðvunar fyrir SH-verktaka hf. Komu þá fram mótmæli frá nokkrum kröfuhöfum við framlengingu greiðslustöðvunar. Með úrskurði Héraðsdóms Reykjaness, upp kveðnum 8. febrúar 1993, var hafnað beiðni SH-verktaka hf. um heimild til áframhaldandi greiðslustöðvunar. Samdægurs fór stjórn SH-verktaka hf. fram á, að bú félagsins yrði tekið til gjaldþrotaskipta. Með úrskurði, upp kveðnum sama dag, var bú félagsins tekið til gjaldþrotaskipta og Viðar Már Matthíasson hrl. og Jóhannes Sigurðsson hdl. skipaðir skiptastjórar í þrotabúinu.

Meðal krafna, sem lýst var í búið, er krafa sóknaraðila, Sjóvá-Almennra trygginga hf., að fjárhæð 12.211.595 kr., og er þess krafist, að krafan njóti forgangsréttar skv. 4. tl. 110. gr. laga nr. 21/1991. Því hefur verið hafnað af hálfu skiptastjóra í þrotabúinu, en samþykkt, að hún njóti stöðu sem almennt krafna. Ekki hefur tekist að jafna ágreininginn. Með bréfi skiptastjóra, móttæknu í Héraðsdómi Reykjaness 13. desember, var þess krafist, að dómurinn leysti úr ágreiningnum.

Atvik að baki máli eru þau, að fjárhag SH-verktaka hf., sem stofnað var árið 1985, hafði hrakað mjög árin 1991 og 1992. Tilboð félagsins í þau verk, sem félagið hafði með höndum í ársbyrjun 1993, voru samanlagt 80.000.000 kr. undir kostnaðaráætlun. Verk þessi voru almennt framhlaðin, sem kallað er, þ. e. tilboðum er stillt upp þannig, að greiðslur berast snemma í verkum til að auðvelda fjármögnun í upphafi. Þau verk, sem SH-verktakar hf. höfðu til meðferðar í upphafi árs 1993, voru flest komin á síðari stig. Hafði vinna við nær allar framkvæmdir á vegum félagsins stöðvast. Á stjórnarfundum félagsins 11. janúar 1993 var samþykkt að óska eftir heimild til greiðslustöðvunar. Greiðslustöðvunarbeiðni SH-verktaka hf. byggðist á tilboði Silfurþings hf. o. fl. aðila, dags. 11. janúar 1993, um kaup á 90% hlutafjár í félaginu og kaup á öllum óveðsettum hlutabréfum SH-verktaka hf. í Veði hf. Tilgangur greiðslustöðvunar var að gera úttekt á einstökum verksamningum SH-verktaka hf. í því skyni að meta hagkvæmni þess að ljúka verk-

um og á grundvelli þeirrar úttektar að gera tilraun til að semja félagið frá þeim verkum, sem telja mætti, að tap yrði á, en ljúka hinum. Síðan átti að leita nauðasamninga við lánardrottna félagsins með því að auka hlutafé þess.

— — —

Niðurstaða.

Í máli þessu liggur fyrir, að það var fyrir atbeina Jóhanns G. Bergþórs-sonar, sem sóknaraðili, Sjóvá-Almennar tryggingar hf., innti af hendi peningagreiðslur inn á reikning SH-verktaka hf., fyrst 20. janúar 1993 og síðan 28. janúar 1993, samtals 12.000.000. kr. Engin láns skjöl voru útbúin. Á þeim tíma, er lántökurnar urðu, stýrði SH-verktökum hf. framkvæmdastjórn, skipuð af stjórn félagsins. Samkvæmt 22. gr. samþykktar SH-verktaka hf. ákvarðar stjórn félagsins starfssvið framkvæmdastjórnar og starfshætti. Eyjólfur Kristjánsson, sem sæti átti í framkvæmdastjórn og jafnframt var framkvæmdastjóri félagsins, bar fyrir dóminum, að hann hefði samþykkt lántökuna. Í fundargerðum framkvæmdastjórnar er hvergi vikið að lántökunni, en vitnið Sigrún Traustadóttir, sem sæti átti í framkvæmdastjórn félagsins, bar fyrir dóminum, að lántakan hefði verið samþykkt þar. Ekkert liggur fyrir um afstöðu stjórnar félagsins til lántökunnar eða þess, hvort framkvæmdastjóri og e. t. v. framkvæmdastjórn hafi farið út fyrir heimildir sínar með því að samþykkja hana. Þykir því verða á því að byggja, að lántakan hafi verið skuldbindandi fyrir félagið.

Fyrir því, að kröfur njóti stöðu skv. 4. tl. 110. gr. 1. nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl. í kröfuröð, eru sett þau skilyrði, að samþykki aðstoðarmanna sé fyrir skuldbindingunni og að ráðstöfunin hafi verið heimil skv. 19.–21. gr. laganna. Samþykki aðstoðarmanna er fyrir lánveitingu þeirri, er mál þetta snýst um. Í 2. mgr. 21. gr. 1. nr. 21/1991 er mælt fyrir um þröngar heimildir skuldara til að baka sér nýjar skuldbindingar eða leggja annars höft á eignir sínar, meðan greiðslustöðvun stendur yfir. Þetta má hann annars vegar gera til að halda áfram atvinnurekstri eða varna verulegu tjóni. Heimildin er háð því skilyrði, að ráðstöfunin þarf að teljast lánardrottnum til hagsbóta, ef gjaldþrotaskipti fylgja í kjölfar greiðslustöðvunar.

Ekki er um það ágreiningur í máli þessu, að lántakan hafi verið nauðsynleg til þess að halda áfram atvinnurekstri SH-verktaka hf. Um hitt stendur ágreiningurinn, hvort því skilyrði 2. mgr. 21. gr. laga um gjaldþrotaskipti o. fl. hafi verið fullnægt, að víst hafi þótt, að aðgerðin yrði lánardrottnum til hagsbóta, ef til gjaldþrotaskipta kæmi á búi skuldarans í kjölfar greiðslustöðvunar.

Meginreglan skv. 1. mgr. 19. gr. laga um gjaldþrotaskipti o. fl. er sú, að

meðan á greiðslustöðvun stendur, er skuldara óheimilt að ráðstafa eignum sínum og réttindum og stofna til skuldbindinga á hendur sér. Við túlkun ákvæðis 2. mgr. 21. gr. laganna verður að hafa í huga, að í ákvæðinu felst undantekning frá meginreglu og að þar er mælt fyrir um þröngar heimildir skuldara til að baka sér nýjar skuldbindingar eða leggja annars höft á eignir sínar, meðan greiðslustöðvun stendur yfir. Heimildir 2. mgr. 21. gr. verður því að skýra þrengjandi lögskýringu.

SH-verktakar hf. töpuðu á öllum þeim verkum, sem þeir stóðu í undir lok árs 1992 og ársbyrjun 1993. Tilboð félagsins í þau verk, sem félagið hafði með höndum í ársbyrjun 1993, voru samanlagt 80.000.000 kr. undir kostnaðaráætlun. Tilboðum í verkin var almennt stillt þannig upp, að greiðslur bærust snemma á verktímanum. Verkin voru framhlaðin, sem kallað er, sem leiðir almennt til þess, að á síðari hluta verka er verktakinn að vinna með tapi. Verk þessi voru almennt komin á síðari stig. Gunnar St. Ólafsson verkfræðingur framkvæmdi skoðun á stöðu einstakra verka á tímabilinu 12.–16. janúar 1993. Nákvæm úttekt var einungis gerð á einu verki, og lausleg skoðun á þremur verkum benti til þess, að kostnaður vegna riftunar á þeim væri þó nokkuð hærri en kostnaður við að halda áfram með verkin. Í framburði hans fyrir dóminum kom fram, að einungis hefði verið skoðað, hvað það myndi kosta að ljúka hverju verki og hver afkoman yrði, án tillits til annarra þátta. Að teknu tilliti til alls kostnaðar hefði orðið tap á verkunum.

Að framangreindu virtu þykir ekki annað hafa verið sýnt en tap yrði á áframhaldandi framkvæmdum. Þykir sóknaraðili ekki hafa sýnt fram á, með hverjum hætti mátt hafi þykja víst, að lántakan yrði lánardrottnum til hagsbóta, ef síðar kæmi til gjaldþrotaskipta á búi félagsins, eða að forsendur hafi verið til að ætla, að svo yrði, þegar lánið var veitt. Þá hefur ekki verið sýnt fram á, að lántakan hafi fært verðmæti í hendur búsins, en samkvæmt árshlutareikningi voru tekjur SH-verktaka hf. vegna verksamninga á greiðslustöðvunartíma 2.804.497 kr., en kostnaður vegna þeirra 20.874.857 kr.

Samkvæmt framangreindu hefur því skilyrði 2. mgr. 21. gr. laga um gjaldþrotaskipti o. fl. nr. 21/1991 um, að víst hafi þótt, að lántakan yrði kröfuhöf-um til hagsbóta, ekki verið fullnægt, og skortir því lagaskilyrði til að viðurkenna kröfu sóknaraðila sem kröfu samkvæmt 4. tl. 110. gr. laganna.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Úrskurð þennan kveður upp Þorgerður Erlendsdóttir fulltrúi.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Hafnað er kröfu sóknaraðila, Sjóvá-Almennra trygginga hf., að krafa hans í þrotabú SH-verktaka hf., að fjárhæð 12.000.000 kr., með vöxtum og dráttarvöxtum verði samþykkt sem krafa samkvæmt 4. tl. 110. gr. laga um gjaldþrotaskipti o. fl. nr. 21/1991.

Málskostnaður fellur niður.
